

1. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Mánudaginn 19. júní 2017 var haldinn fyrsti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir meðstjórnandi, Daníel Örn Hinriksson meðstjórnandi, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi, Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður og Viktoría Jensdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Verkaskipting nýrrar stjórnar

Ný stjórn skipti með sér verkum fyrir næsta starfsár á eftirfarandi hátt: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri og Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi. Guðbjörg Guðmundsdóttir og Viktoría Jensdóttir eru varamenn.

2. Fastanefndir og aðrar nefndir

Samkvæmt 11. gr. laga HRFÍ, lið g, í kafla IV. skal stjórn HRFÍ skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur. Stjórn HRFÍ getur skipað í nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar. Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindanefnd, skólanefnd, ræktunar- og staðlanefnd og laganefnd.

Skólanefnd

Samkvæmt VIII. kafla laga HRFÍ, nánar tiltekið 24. gr. laganna, má starfrækja hundaskóla innan HRFÍ. Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

Samkvæmt 25 gr. laganna skal skólanefnd skipuð þremur fulltrúum, tveimur tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Eftirtalinn aðili er skipaður af starfsmönnum skólans:

Valgerður Júlíusdóttir

Eftirtaldir aðilar eru skipaðir af stjórn:

Viktoría Jensdóttir

Anna Birna Björnsdóttir

Þá ákvað stjórn að skipa **fræðslu- og kynningarnefnd**.

Nefnd þessari er ætlað að skipuleggja námskeið og almenna fræðslu til félagsmanna í samráði við stjórn. Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Viktoría Jensdóttir

Guðný Rut Ísaksen

Sigurlaug Rósa Dal Christiansen

Sunna Birna Helgadóttir

Sigrún Guðlaugardóttir

Svava Björk Ásgeirsdóttir

Hugsunin er sú að náíð samstarf verði með skólanefnd og fræðslu- og kynningarnefnd og mögulega unnið að breytingatillögum á nefndinni sem passar betur starfseminni í dag.

Ritnefnd

Samkvæmt 3. gr. lið d í I. kafla laga HRFÍ skal félagið gefa út félagsblað.

Sámur er gefinn út tvisvar á ári, í júní og desember. Ritstjóri Sáms ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ. Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Klara Símonardóttir, ritstjóri

Alexandra Björg Eypórsdóttir

Anja Björg Kristinsdóttir

Ásta María Karlsdóttir

Bjarnheiður Erlendsdóttir

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Heiðrún Finnsdóttir
Inga Björk Gunnarsdóttir
Svava Björk Ásgeirsdóttir
Sigrún Gulludóttir
Hafdís Jóna Þórarinsdóttir

Sýninganefnd

Hlutverk sýninganefndar er að skipuleggja sýningar félagsins og annast verklega framkvæmd sýninga. Sýninganefnd er stjórn HRFÍ og deildum félagsins ráðgefandi varðandi sýningamálefni almennt. Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Guðný Rut Isaksen
Lilja Dóra Halldórsdóttir
Sóley Halla Möller
Þorsteinn Thorsteinson
Vordís Sigurþórsdóttir
Erna Sigríður Ómarsdóttir
G. Magnea Friðriksdóttir
Þórdís Björg Björgvinsdóttir
Kristjana Bergsveinsdóttir
Þórey S. Þórisdóttir
Sigurlaug Rósa Dal Christiansen

Innan sýninganefndar er sýningastjórn, skipuð sérstaklega, sem skal sjá til þess að sýningar fari fram samkvæmt sýningarreglum, og leysa mál eða deilur sem upp kunna að koma á sýningum. Var ákveðið að Lilja Dóra, Sóley og Þorsteinn skipi sýningastjórn.

Vísindanefnd

Vísindanefnd er fagnefnd og er ráðgefandi aðili um setningu sérstakra reglna um undaneldi einstakra hundakynja. Þá getur vísindanefnd falið ræktunarstjórn að takast á hendur nánar tilgreind sérverkefni í þágu ræktunar. Þegar stjórn HRFÍ telur grundvöll fyrir stofnun ræktunardeildar og að fullnægðum skilyrðum gerir Vísindanefnd greinargerð þar sem hún fjallar um skilyrðin og hvort hún mæli með eða

gegn stofnun deildar. Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Kristín Elíza Guðmundsdóttir

Lísa Bjarnadóttir

Klara Símonardóttir

Birna K Baldursdóttir

Unnur Olga Ingvarsdóttir

Ræktunar- og staðlanefnd:

Helstu verkefni:

- Þýðing á FCI ræktunarstöðlum í samvinnu við ræktunardeildir.
- Uppfæra breytingar á ræktunarstöðlum.
- Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ
- Grundvallarreglur HRFÍ - 2. gr. ræktun
- Ræktunardeildum HRFÍ til leiðsagnar varðandi sérreglur fyrir hundakyn við skráningu í ættbók HRFÍ.

Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Anna D. Hermannsdóttir

Brynja Tomer

Helga Andrésdóttir

Klara Símonardóttir

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Lilja Dóra Halldórsdóttir

Laganefnd

Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Jónas Fr. Jónsson

Ólafur E. Jóhannsson

Svanhildur Skúladóttir

Ari Karlsson

Sólheimakotsnefnd

Eftirtaldir aðilar eru skipaðir í nefndina:

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Pétur Alan Guðmundsson

Atli Ómarsson

Sólrún Dröfn Helgadóttir

Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir

3. Útistandandi mál

Farið var yfir þau mál sem átti eftir að afgreiða frá fyrra starfsári.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundið slitið kl. 20.00. Boðað er til næsta fundar stjórnar 6. júlí nk. kl. 18.00.